



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

**Sendandi:** Steinþór Einarsson skrifstofustjóri þróunar og nýsköpunar

### ***Miðnæturopnun Laugardalslaug***

Borgarráð samþykkti þann 30. júní 2022 tillögu um miðnæturopnun einu sinni í viku í Laugardalslaug sem tilraunaverkefni á tímabilinu 4. ágúst – 31. desember 2022. Árlegur kostnaðarauki var áætlaður 6 m.kr. og leggja átti mat á verkefnið að reynslutíma loknum. Verkefnið reyndist kostnaðarsamara en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi.

Líttill tími var til undirbúnings þessara breytinga auk þess sem óljóst var hversu lengi verkefnið myndi lífa þar sem lagt var upp með tilraunaverkefni til áramóta.


Áskoranir fylgdu því að breyta opnunartíma þar sem vaktir ýmist lengdust hjá þeim sem voru að vinna fyrir eða kalla þurfti til auka mannskap. Hvað varðar öryggismál er ekki æskilegt að hafa fólk við laugargæslu sem unnið hefur mjög langa vakt og einnig hafa lengri vaktir áhrif á betri vinnutíma. Lenging vakta á fimmtudögum rúmaðist ekki innan styttingu vinnuviku. Verði verkefnið framlengt væri mögulegt að leysa þetta með breyttu vaktayrirkomulagi, sem þó þarf að undirbúa og kynna með nokkra vikna fyrirvara. Meðal annarra áskoranna voru tæknimál en mikið af búnaði laugarinnar tekur mið af reglulegum opnunartíma og því þurfti tæknifólk að vera á bakvakt til miðnættis

Miðnæturopnunin var ágætlega sótt af c.a.16 – 25 ára aldurshópsins og þá sérstaklega þegar boðið var uppá viðburði. Þar sem aldurshópurinn var ungar gat það reynst krefjandi fyrir starfsfólk að ráða við aðstæður. Því þurfti að kalla til öryggisverði í einstaka tilfellum.

Á sama tíma fyrir ári var Covid að hafa áhrif á aðsókn sem gerir samanburð erfiðan auk þess sem opnunin hófst að hausti og aðsókn verið mismunandi eftir árstíðum.

Til útskýringar má sjá fjölda gesta vor og haust pr.dag miðað við tímabil.


Gestafjöldi pr. viku - meðaltal





Reykjavíkurborg

Þrátt fyrir ákveðnar áskoranir telur sviðið að margt hafi verið lærðómsríkt og sóknartækifæri geti legið í lengri opnunartíma og eflingu sundlaugarmenningar, ekki síst með nýsameinuðu sviði sem hefur yfir að ráða fjölda afþreyingarvíðburða. Nýtt svið mun að hluta byggja á teymisvinnu til að tengja ólíka þjónustupætti. Sé áhugi fyrir að halda þróun verkefnisins áfram væri sem dæmi hægt að skoða hvernig starfsstaðir sviðsins gætu komið að því að gera þennan viðburð enn betri, t.d. tengja saman menningu hinna ólíku safna við sundlaugar eða að laugarnar verði framlenging á miðstöð unga fólksins í Hinu Húsinu þar sem hugmyndaaflið er óendanlegt. Mikilvægt er að slík framkvæmd sé vel undirbúin, markhópur skilgreindur og verkefnið undirbúið og kynnt til samræmis við það. Fjárhheimildir vegna verkefnisins voru ekki framlengdar á árinu 2023 og sviðið telur ekki gerlegt að auka þjónustu og halda áfram með lengri opnunartíma á fimmtudögum og er því verkefninu sjálvhætt nema með ákvörðun borgarráðs um annað.

  
Steinþór Einarsson  
skrifstofustjóri